

## Auglýsing

146

### frá skráritara vörumerkja í Reykjavík

um skrásetningar þær, sem gjörðar hafa verið árið 1922.

*Skrás. 1922, nr. 1.*

Tilkynnt 25. janúar 1922, kl. 11 árd., af Libby, Mc. Neill & Libby, verk-smiðjueigendur, Chicago í Bandaríkjunum í N-Ameríku, og skrásett 25. febr. s. á.

Orðið: LIBBY'S, skráð með skriflettri, skáhalt upp á við.

Samkvæmt tilkynningu, dags. 30. des. 1919, er merkið skrásett í Washington 8. júní 1920 fyrir: ósaltað, tilreitt, súrsað og niðursoðið nautakjöt, kálfskjöt, svínakjöt, sauðakjöt og fuglakjöt og það, sem búið er til úr því; bjúgur, kjötseyði, gúputeninga, niðursoðna súpu, niðursoðinn fisk; niðursoðna, þurkaða og geymda ávexti, ber og grænmeti; rúsínubúðing, kjötmauk, oliven, pickles, katsup og krydd, sósu og matarkrydd, salatolíu og salatsósu, ávaxtamauk, ávaxtasmjör, sætmeti, niðursoðin matvæli, hlaup, nýmjólk, þjettaða mjólk, þurmjólk og gufuþjettaða mjólk, jarðhnetur (peanuts), jarðhnetusmjör og jarðhnetuolíu.

*Skrás. 1922, nr. 2.*

Tilkynnt 25. janúar 1922, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 25. febr. s. á.

## Libby, McNeill & Libby.

Orðin: LIBBY, MC. NEILL & LIBBY.

Samkvæmt tilkynningu, dags. 30. des. 1919, er merkið skrásett í Washington 8. júní 1920 fyrir: ósaltað, tilreitt, súrsað og niðursoðið nautakjöt,

- 146** kálfskjöt, svínakjöt, sauðakjöt, og fuglajakjöt og það sem búið er til úr því; bjúgur, kjötseyði, súputeninga, niðursoðna súpu, niðursoðinn fisk; niðursoðna þurkaða og geymda ávexti, ber og grænmeti; rúsínubúðing, kjötmauk, oliven, pickles, katsup og krydd, sósu og matarkrydd, salatolíu og salatsósu, ávaxtamauk, ávaxtasmjör, sætmeti, niðursoðin matvæli, hlaup, nýmjólk, þjettaða mjólk, þurmjólk og gufuþjettaða mjólk, jarðhnetur (peanuts), jarðhnetusmjör og jarðhnetuolíu.

*Skrás. 1922, nr. 3.*


Tilkent 27. jan. 1922, kl. 11 árd., af firmanu Ó. Johnson & Kaaber, heildsölum, Reykjavík, og skrásett 28. febrúar s. á.



Rjetthyrndur einkennismiði og á honum mynd af sitjandi kvennmanni (Fjallkonunni) með slegið hár; á hægri öxl hennar situr fugl (fálkinn); til hægri handar hennar er mynd af gjósandi hver, en til vinstri handar mynd af gjósandi eldfjalli. Yfir myndinni standa í boga orðin: ELD GAMLA ÍSAFOLD, og fyrir neðan myndina orðin: Fineste Export-Caffee-Surrogat.

*Skrás. 1922, nr. 4.*

Tilkent 27. jan 1922, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 28. febrúar s. á.



Mynd af kaffikvörn.

*Skrás. 1922, nr. 5.*

Tilkynnt 4. mars 1922, kl. 12 á háð., af Gordon's Dry Gin Co. Limited, áfengisbruggarar, London, Englandi, og skrásett 14. s. m.

146




Villigaltarhaus í hringmynduðum, skreyttam baug; fyrir ofan standa orðin: GORDON & CO'S.

Samkvæmt tilkynningu, dags. 10. febr. 1913, er merkið skrásett í London 23. júlí s. á., 43. flokki, fyrir áfenga og styrkjandi drykki.

*Skrás. 1922, nr. 6.*

Tilkynnt 22. mars 1922, kl. 11 árd., af A/S Dansk Sprit-Central, verk-smiðjurekstur, Köbenhavn, Danmörku, og skrásett 7. apríl s. á.



Merkið eer í tvennu lagi, sem sje fram- og bakhlið flöskumiða. 1) Rjett-hyrndur miði með brúnleitum grunni og gyltri umgjörð. Á miðjum miðanum er Malta-kross á rauðum grunni og á honum stendur með dökkbrúnu letri: C. L. O. C. Fyrir ofan krossinn stendur: Köbenhavn-Aalborg Danmark, en fyrir neðan: Cuminum Liquidum Optimum Castelli. Efst á miðanum stendur: Dansk Sprit-Central. Yfir þveran miðan stendur: LIQUEUR, undirstrikað, og þar fyrir neðan athugasemd um vöruna. 2) Rjett-hyrndur miði með brúnleitum

**146** grunni og gyltri umgerð. Efst er mynd af verksmiðju og þar fyrir neðan stendur: Castellum Aalborgense og athugasemd um húsið og vöruna.

Merkið er skrásett fyrir áfengi, sjerstaklega kryddbrennivín (Liqueur).

Samkvæmt tilkynningu, dags. 11. jan. 1922, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 4. febr. s. á.

*Skrás. 1922, nr. 7.*

Tilkynt 7. apríl 1922, kl. 12 á hád., af British-American Tobacco Company, Limited, verksmiðjurekstur, London, Englandi, og skrásett 11. s. m.



Í rjettthyrdum ferhyrningi stendur í miðju: PALL MALL, og þar fyrir neðan: FAMOUS CIGARETTES. Í efra horninu til vinstri er arnarmynd með skjöld og þar fyrir ofan stjörnur og geislar; til hægri stendur: Natural shape cork tipped. Í neðra horni til vinstri handar stendur með ritletri: Butler-Butler, en til hægri er skrauthringur og innan í honum stafirnir BB með stjörnu yfir og undir og tunglörnd vinstra megin við stafina.

Samkvæmt tilkynningu, dags. 17. febr. 1921, er merkið skrásett í London 12. jan. 1922, 45. flokki, fyrir vindlinga.

*Skrás. 1922, nr. 8.*

146

Tilkynt 19. apríl 1922, kl. 12 á háð., af The United States Playing Card Company, spilagerðamenn, Cincinnati í Ohio, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 9. maí s. á.



Merkið samanstendur af 6 hlutum, er setja skal á öskjur utan um spil.

1. og 2. hluti merkisins eru aflangir, rjettthyrndir einkennismiðar, með hvítum bókstöfum á svörtum grunni, og stendur á þeim: 1001 ALADDINPLAYING CARDS, og þar undir nöfn framleiðenda og heimilisfang. 3., 4. og 5. hluti eru einnig aflangir, rjettthyrndir miðar, en mjórri, og stendur á þeim: 1001 Aladdia. 6. hlutinn er samskonar miði, og stendur á honum: Made in U. S. A.

Samkvæmt tilk. dags. 25. maí 1920, er merkið skrásett í Washington 8. febrúar 1921 fyrir spil.

Skrás. 1922, nr. 9.

Tilkynt 19. apríl 1922, kl. 12 á h., af sama, og skrásett 9. maí s. á.



Merkið samanstendur af 6 hlutum, er setja skal á öskjur utan um spil. 1. hluti er rjetthyrndur einkennismiði með spaða-ás og útflúri umhverfis. Undir ásnum standa — með hvítum stöfum á svörtum grunni — orðin: PLAYING CARDS, og fyrir ofan ásinn orðið: BICYCLE og firmanafn framleiðenda. 2. hluti er mjór, aflangur miði, rjetthyrndur, og stendur á honum: No. 808 IVORY FINISH. 3. hlutinn er rjetthyrndur miði með spíakongs-mynd á reiðhjóli; til vinstri handar eru orðin: 808 ivory, og til hægri handar orðin: Playing Cards, en fyrir ofan myndina stendur í hálfhring orðið: Bicycle. 4. hlutinn er rjetthyrndur, mjór miði, og stendur á honum: 808 Bicycle. 5. hlutinn er samskonnar miði, sem á stendur: Made in U. S. A.; loks er 6. hluti merkisins samskonnar miði og á hann letrað orðið: Bicycle.

Samkv. tilk. dags. 25. maí 1920, er merkið skrásett í Washington 22. febrúar 1921, fyrir spil.

*Skrás. 1922, nr. 10.*

146

Tilkynnt 19. apríl 1922, kl. 12 á h., af sama, og skrásett 9. maí s. á.

AIR-CUSHION  
**CONGRESS**  
 PLAYING CARDS  
 606  
 GOLD EDGES

THE U.S. PLAYING CARD CO.  
 CINCINNATI, U.S.A.

Ferhyrndur miði og á hann lettrað í sjö línnum, hverri upp af annari, talið ofan frá og niður eftir orðin: Air-Cushion — CONGRESS (í bogadreginni línu) — Playing Cards — 606 — Gold Edges — og þar undir firmanafn og heimilisfang framleiðenda.

Samkv. tilk dags. 8. júlí 1921, er merkið skrásett í Washington 28. október s. á., fyrir spil.

*Skrás. 1922, nr. 11.*

Tilkynnt 1. júní 1922, kl. 3. sídd., af Hinu íslenska steinolínuhlutafjelagi, verslun, Reykjavík, og skrásett 7. s. m.

# Polarine

Orðið POLARINE.

Merkið er skrásett fyrir áburðarolíu, fljótandi ljósmeti, steinolíu, bensin, nafta, fljótandi eldsneyti, áburðarfeiti, vasilín, parafín og aðrar steinolíuafurðir, og ber að skoða orðið Polarine sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir þessar vörutegundir.

*Skrás. 1922, nr. 12.*

Tilkynnt 6. júní 1922, kl. 11 árd. af The B. F. Goodrich Company, verksmiðjurekstur, New-York í Bandaríkjum, N.-Ameríku, og skrásett 8. s. m.

# SILVERTOWN

Orðið SILVERTOWN, ritað í bogadreginni línu.

Samkvæmt tilkynningu, dags. 28. jan. 1919, er merkið skrásett í Washington 10. jan. 1922, fyrir dekk úr bandi, tvinna og harðgúmmi á lofthringa.

*Skrás. 1922, nr. 13.*

Tilkynnt 9. júní 1922, kl. 5 síðd., af British-American Tobacco Company, Limited, verslunarfjelag, London, Englandi, og skrásett 16. s. m.



Á svörtum þríblaða-smára standa með hvítu letri orðin: FOUR ACES, og þar yfir er stjarna; kringum smárablaðið eru 4 spila-ásar. Fyrir neðan þetta stendur með hvítu letri á svörtum grunni með rokokó-umgerð: W. D. & H. O. WILLS. BRISTOL & LONDON.

Samkvæmt tilkynningu, dags. 25. maí 1907, er merkið skrásett í London 16. ágúst s. á. fyrir verkað tóbak, 45. flokki, og sá skrásetning endurnýjuð 25. maí 1921.

*Skrás. 1922, nr. 14.*

Tilkynnt 11. júlí 1922, kl. 12 á háð., af Sophus Berendsen A/s, verslun, Köbenhavn, Danmörku, og skrásett 20. s. m.

## RADIOLA

Orðið: RADIOLA.

Samkvæmt tilkynningu, dags. 19. maí 1922, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 17. júní s. á. fyrir tæki til notkunar við þráðlausa firðritun frá Marconi's Wireless Telegraph Co., Ltd., í London.

*Skrás. 1922, nr. 15.*

Tilkynt 11. júlí 1922, kl. 12 á háð., af sama, og skrásett 20. s. m.

## RADIOVOX

Orðið: RADIOVOX.

Samkvæmt tilkynningu, dags. 19. maí 1922, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 17. júní s. á., fyrir tæki til notkunar við þráðlausa firðritun frá Marconi's Wireless Telegraph Co., Ltd. í London.

*Skrás. 1922, nr. 16.*

Tilkynt 11. júlí 1922, kl. 12 á háð., af sama, og skrásett 20. s. m.

## MARCONIPHONE

Orðið: MARCONIPHONE.

Samkvæmt tilkynningu, dags. 19. maí 1922, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 17. júní s. á., fyrir tæki til notkunar við þráðlausa firðritun frá Marconi's Wireless Telegraph Co., Ltd. í London.

*Skrás. 1922, nr. 17.*

Tilkynt 9. ágúst 1922, kl. 4 síðd., af W. Vernon & Sons, Ltd., mylnueigendur, Liverpool og London, Englandi, og skrásett 15. s. m.

## MILLENNIUM

Orðið: MILLENNIUM.

Merkið er skrásett í London 23. jan. 1892, 42. flokki, fyrir korn, sáldmjöl, mjöl og önnur efni í brauð, og sú skrásetning síðan endurnýjuð 1906 og 1920. Samkvæmt útskrift úr ensku vörumerkjaskránni, er tilkynnandi skráður sem eigandi merkisins 17. jan. 1921.

*Skrás. 1922, nr. 18.*

Tilkynt 12. ágúst 1922, kl. 4 síðd., af Halldór Guðmundsson & Co., rafvirkjafjélag, Reykjavík, og skrásett 25. s. m.

# Therma

Orðið: THERMA.

Merkið er skrásett fyrir rafmagns-hitunar- og suðuáhöld allskonar, svo

146 sem suðuvjelar, suðuplötur, suðu- og hitunarkassa, bökunar- og steikarofna, skaftpotta, línbolta, pressujárn, kaffikatla, tekatla, potta með sjálfhitun, brauðsteikjara, baðofna, vatnhitara, rúmhitara, fóthitara, bifreiðahitara, herbergjaofna af margskonar gerð, kirkjuofna, kjötreykingaskápa, og ber að skoða orðið Therma sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar og svipaðar vörutegundir.

*Skrás. 1922, nr. 19.*

Tilkynt 21. ágúst 1922, kl. 11 árd., af Peek Frean & Co., Limited, verkmiðjurekstur, Bermondsey, London, Englandi, og skrásett 25. s. m.


# MELTIS

Orðið: MELTIS.

Merkið er skrásett í London 25. júní 1908, 42. flokki, fyrir sætabrauðsvörur og súkkulaði-varning, samkvæmt tilkynningu dags. 14. apríl s. á. og síðan endurnýjað 14. apríl þ. á.

*Skrás. 1922, nr. 20.*

Tilkynt 4. september 1922, kl. 11 árd., af Continental Bodega Company A. S., verslun, Köbenhavn, og skrásett 16. s. m.



Warm lagern

Unser Firmastempel befindet sich auf den Hörnern und Kapellen

Undir röð af verðlaunapeningum og tveimur brugðnum böndum, þar sem stendur hvaðan peningarnir stafa, standa orðin: The CONTINENTAL BODEGA Company. Í bugðum stafsins „B“ stendur Gesetzlich geschützt. Til vinstri handan sjest jarðlíkan milli tveggja blaktandi fána, og eru fánasteng-

urnar krosslagðar bak við þrjár tunnur, sem standa fyrir neðan jarðlíkanið. **146**  
Fyrir ofan tunnurnar og beggja megin við þær er band, en á því stendur: The  
Continental Bodega Company, og fyrir neðan þær er annað band, áletrað: Head  
Office Brussels.

Samkvæmt tilkynningu, dags. 3. janúar 1922, er merkið skrásett í Kaup-  
mannahöfn 14. s. m fyrir vín, kryddlög (Likör) og áfengi.

*Skrás. 1922, nr. 21.*

Tilkynt 9. september 1922, kl. 4 síðd., af The Denver Chemical Manu-  
facturing Company, verksmiðjurekstur, Denver í Colorado, Bandaríkjum N.-  
Ameríku og skrásett 23. s. m.

## *Antiphlogistine*

Orðið: Antiphlogistine.

Samkvæmt tilkynningu, dags. 5. apríl 1905, er merkið skrásett í Was-  
hington 4. júlí s. á. fyrir lyfjasamsetning, sem hefir lækandi eiginleika, og er  
læknismeðal við meiðslum og bráðri og langvinnri bólguveiki.

*Skrás. 1922, nr. 22.*

Tilkynt 9. september 1922, kl. 4 síðd., af Hecker-Jones-Jewell Milling  
Company, verksmiðjurekstur, New York, N. Y., Bandaríkjum, N.-Ameríku, og  
skrásett 23. s.m.



Hringmyndaður, gáraður einkennismiði með áletruðu orðinu: Hecker's  
og er síðasti stafur orðsins framlengdur í strik fyrir neðan orðið.

146

Samkvæmt tilkynningu, dags. 20. maí 1921, er merkið skrásett í Washington 14. febr. 1922 fyrir mjöltegundir, gróft mjöl, maísmjöl, maísflögur, þurkuð grjón, hrísgrjón og hafragrjón.

*Skrás. 1922, nr. 23.*

Tilkynt 4. október 1922, kl. 4 síðd., af Maspero Frères, Limited, verk-smiðjurekstur, London, Englandi, og skrásett 12. s. m.




Í hringmynduðu innsigli sjest höfuð af austurlandabúa með röndóttum höfuðbúningi. Umhverfis það er lettrað: MASPERO FRÈRES LIMITED. CAIRE — EGYPTE.

Samkvæmt tilkynningu, dags. 7. desember 1905, er merkið skrásett í London 26. júlí 1906 fyrir verkað tóbak, og sú skrásetning síðan endurnýjuð 7. desbr. 1919.

*Skrás. 1922, nr. 24.*

Tilkynt 17. oktbr. 1922, kl. 11 árd., af British-American Tobacco Company, Limited, tóbaksgerðarmönnum, London, S. W., Englandi og skrásett 10. nóv. s. á.



Tvær fergeislaðar stjörnur, lagðar á víxl, þannig að þær mynda stjörnu með 8 geislum. Í miðju stjörnunnar er hringmyndaður, skreyttur reitur, sem geislar ganga út frá.

Samkvæmt tilkynningu 8. ágúst 1907, er merkið skrásett í London 15. nóvbr. s. á., 45 flokki, fyrir verkað og óverkað tóbak, og er sú skrásetning endurnýjuð 8. ágúst 1921.

*Skrás. 1922, nr. 25.*

146

Tilkynt 17. oktbr. 1922, kl. 11 árd., af sama og skrásett 10. nóvember s. á.



Kvenhöfuð með blæju fyrir neðri hluta andlitsins, og hægra megin við það er hálf tungl og stjarna, en yfir því öllu stendur í bogadreginni línu orðin: FATIMA.

Samkvæmt tilkynningu 14. nóvbr. 1912, er merkið skrásett í London 17. júlí 1913, 45. flokki, fyrir fullverkað tóbak.

*Skrás. 1922, nr. 26.*

Tilkynt 17. oktbr. 1922, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 10. nóvember s. á.



Mynd af egyptskum sfinx og á fótastalla hennar stendur orðið SPHINX.

Samkvæmt tilkynningu 8. ágúst 1907, er merkið skrásett í London 12. nóbr. s. á., 45. flokki, fyrir verkað og óverkað tóbak, og sú skrásetning endurnýjuð 8. ágúst 1921.

Skrás. 1922, nr. 27.

Tilkynt 17. oktbr. 1922, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 10. nóvember s. á.



W. D. & H. O. WILLS.  
BRISTOL & LONDON.

Ferhyrndur ljósleitur einkennismiði. Efst er gylt skjaldarmerki milli tveggja einhyrninga og þar undir orðið: „Embassy“ með rauðu skriflettri, en hægra megin við orðið er gylt stjarna með átta geislum og neðst firmanafn með gyltu lettri.

Samkvæmt tilkynningu 10. oktbr. 1912, er merkið skrásett í London 30. janúar 1913, 45. flokki, fyrir fullverkað tóbak.

Skrás. 1922, nr. 28.

Tilkynt 17. oktbr. 1922, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 10. nóvember s. á.



Sporöskjulagaður hringur og yfir miðju hans aflangur rjetthyrningur. Í hringnum fyrir ofan rjetthyrninginn, stendur með gulu lettri á rauðum grunni: W. D. & H. O. WILLS', og fyrir neðan rjetthyrninginn standi orðin: HONEY DEW. Rjetthyrningnum er skift í 3 hluta; á miðhlutanum, sem er stærstur, standa með gyltu lettri á gulum, rauðdröfnóttum grunni orðin: GOLD FLAKE, en vinstra megin við það er stjarna á gulum grunni.

Samkvæmt tilkynningu 8. ágúst 1907 er merkið skrásett í London 14. nóvember s. á., 45. flokki, fyrir fullverkað tóbak, og sú skrásetning endurnýjuð 8. ágúst 1921.

*Skrás. 1922, nr. 29.*

Tilkynt 17. oktbr. 1922, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 10 nóvember s. á.



Mynd af bjarghring, og á hann letruð orðin: PLAYER'S NAVY CUT. Innan í hringnum er brjóstmynd af sjómanni, en í baksýn tvö seglskip.

Samkvæmt tilkynningu 8. ágúst 1907, er merkið skrásett í London 16. nóvember s. á., 45. flokki, fyrir fullverkað tóbak, og sú skrásetning endurnýjuð 8. ágúst 1921.

*Skrás. 1922, nr. 30.*

Tilkynt 17. oktbr. 1922, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 10. nóvember s. á.



Efst á ferstrendum skreyttum miða er skáband, áletrað: WILD WOODBINE, og þar fyrir neðan jafnhliða því, hvítt autt skáband; neðst stendur á hvítum grunni: W. D. & H. O. WILLS, BRISTOL & LONDON.

Samkvæmt tilkynningu 23. júlí 1907, er merkið skrásett í London 3. desbr. s. á., 45. flokki, fyrir fullverkað tóbak, og er sú skrásetning endurnýjuð 23. júlí 1921.

*Skrás. 1922, nr. 31.*

Tilkynnt 17. oktbr. 1922, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 10. nóvember s. á.

**GOLD FLAKE**



**W.D. & H.O. WILLS.**  
Bristol & London.

Ferhyrndur einkennismiði. Efst á honum standa orðin: „GOLD FLAKE“, og þar fyrir neðan er ferhyrningur og innan í honum sporöskjulaagaður hringur, er þverband skiftir í tvo hluta. Í efri hluta hringins stendur: W. D. & H. O. WILLS, en í neðri hlutanum orðin: HONEY DEW. Á þverbandinu standa orðin: GOLD FLAKE, og vinstra megin við það stjarna. Neðst á einkennismiðanum er önnur stærri stjarna með 8 geislum og undir henni firmanafn.

Samkvæmt tilkynningu 23. júlí 1917, er merkið skrásett í London 3. desbr. s. á., 45. flokki, fyrir fullverkað tóbak, og sú skrásetning endurnýjuð 23. júlí 1921.

*Skrás. 1922, nr. 32.*

Tilkynnt 17. oktbr. 1922, kl. 11 árd., af British-American Tobacco Company, Limited, tóbaksgerðarmönnum, London, S. W., Englandi, og skrásett 10. nóv. s. á.



Í ferhyrndri umgerð er flagg á stöng og standa skáletruð á því orðin:

CIGARETTES. Fyrir neðan flaggið stendur: THE „FLAG“ W. D. & H. O. 146  
WILLS. BRISTOL & LONDON. Efst í merkinu til hægri handar er stjarna  
með 8 geislum milli orðanna: Trade — Mark.

Samkvæmt tilkynningu 29. maí 1920, er merkið skrásett í London 15.  
desbr. s. á., 45. flokki, fyrir vindlinga.

*Skrás. 1922, nr. 33.*

Tilkynt 17. oktbr. 1922, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 10. nóvember s. á.



Í skrautumgerð standa orðin: GLASGOW SMOKING MIXTURE, en þar fyrir ofan stendur orðið: SMITH'S milli tveggja verðlaunapeninga. Fyrir neðan skrautumgerðina er fyrhyrndur reitur með áletruninni: F. & J. SMITH. Glasgow & Bristol, en til vinstri við skrautumgerðina er skrautskjöldur með stöfunum F & J S samanbundnum.

Samkvæmt tilkynningu 8. ágúst 1907, er merkið skrásett í London 21. nóvbr. s. á., 45. flokki, fyrir fullverkað tóbak, og er sú skrásetning endurnýjuð 8. ágúst 1921.

*Skrás. 1922, nr. 34.*

Tilkynt 17. oktbr. 1922, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 10. nóvember s. á.




Ferhyrndur einkennismiði, er lárjett þverband, sem á er letruð orðin: MAY BLOSSOM, skiftir í tvent. Í efri hlutanum miðjum sjest mynd af egyptskum „Sfinx“ í sjerstakri ungerð og er orðið: Sphinx, letrað á fótstalla myndarinnar. Í neðri hlutanum sjást 2 aflangir ferhyrningar, áletrað Lambert & Butler, England. Að öðru leyti er einkennismiðinn skreyttur maíblómagreinum, og er grunnlitur hans sumpart gyltur eðe ljósrauður; myndir sumpart ljósrauðar eða dökkrauðar, en áletranirnar með svörtum stöfum.

Samkvæmt tilkynningu 10. ágúst 1907, er merkið skrásett í London 13. nóvember s. á., 45. flokki, fyrir fullverkað tóbak, og sú skrásetning endurnýjuð 10. ágúst 1921.

*Skrás. 1922, nr. 35.*

Tilkynt 17. oktbr. 1922, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 10. nóvember s. á.



Merkið er í þrennu lagi — þrjár ferhyrndir miðar. — Yfir þveran aðalmiðann er hvítt band; á því hvílir mynd af egyptskum „Sfinx“ og er orðið: Sphinx, letrað á fótstalla myndarinnar. Þar fyrir ofan standa á bogadregnu skrautbandi orðin: THE GARRICK en í efstu hornum miðans eru skrautlínur. Fyrir neðan þverbandið er annað hvítt band, með hökum til endanna, og þar fyrir neðan stendur: Lambert & Butler. England. Á öðrum miðanum, sem er aflangur, sjest sama Sfinx-myndin og á aðalmiðanum, en á þriðja miðanum, sem einnig er aflangur, sjest mynd af karlmanni, er stendur í herbergi og er að láta í pípu sína.

Samkvæmt tilkynningu 8. ágúst 1907, er merkið skrásett 12. nóv. s. á. í London, 45. flokki, fyrir fullverkað tóbak, og er sú skrásetning endurnýjuð 8. ágúst 1921.

Skrás. 1922, nr. 36.

146

Tilkent 17. oktbr. 1922, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 10. nóvember s. á.




Merkið er ferhyrndur einkennismiði, þrískiftur og dökkbrúnn að lit. Í reitnum til vinstri standa efst, með ljósleitum stöfum, orðin: „THREE NUNS“; þar fyrir neðan er svo umsögn um framleiðslu vörunnar; neðst standa orðin: „NONE NICER“ og gulur, þríblaða smári í vinstra horninu. — Í miðreitnum stendur efst, með ljósleitu lettri: J. & F. Bell; neðarlega stendur með svörtu lettri á gulum grunni: GLASGOW, en í miðjum reitnum er gul skrautmynd og sjást þar 3 rauð klukkublóm. — Í reitnum til hægri standa efst, með ljósleitu lettri, orðin: „THREE NUNS“; eru þau skráð þversum yfir skrautmynd, sem í eru gul strik, rauð blöð og blóm; þar fyrir neðan til hægri handar stendur: TOBACCO, en neðst til vinstri handar, með rauðu lettri, orðin „NONE NICER“.

Samkvæmt tilkynningu 8. ágúst 1907, er merkið skrásett í London 3. desbr. s. á., 45. flokki, fyrir fullverkað tóbak, og sú skrásetning endurnýjuð 8. ágúst 1921.

Skrás. 1922, nr. 37.

Tilkent 17. oktbr. 1922, kl. 11 árd., af British-American Tobacco Company, Limited, tóbaksgerðarmönnum, London, S. W., Englandi, og skrásett 10. nóv. s. á.



146

Merkið er ferhyrndur einkennismiði, þrískiftur. Á fyrsta miðanum eru 2 hringmyndaðir reitir, hvor upp af öðrum, aðgreindir af brugðnu bandi, en á því stendur orðið: PIRATE. Í efri reitnum er mynd af mönnum, sem eru að fást við fallbyssur á þilfari, en í neðri reitnum er ofarlega hvítt þverband og þar fyrir neðan sjást forn herskip í orustu. Báðir hringmynduðu reitirnir eru á skrautstrikudum grunni. — Á öðrum miðanum, sem er aflangur og styttri en hinir tveir, sjest stjarna með 8 geislum á skreyttum grunni. — Á þriðja miðanum er mynd af þilfari og stendur þar maður fyrir framan fallbyssu og styður vinstri hendi á sverð, en fyrir ofan myndina stendur orðið: „PIRATE“, og fyrir neðan hana: W. D. & H. O. Wills. Bristol & London.

Samkvæmt tilkynningu 8. ágúst 1907, er merkið skrásett í London 14. nóvbr. s. á., 45. flokki, fyrir fullverkað tóbak, og er sú skrásetning endurnýjuð 8. ágúst 1921.

*Skrás. 1922, nr. 38.*

Tilkent 26. október 1922, kl. 12 á háð., af Jönköbings og Vulcans Tändsticksfabriksaktiebolag, eldspýtnagerð, Jönköping í Svíþjóð, og skrásett 16. nóvember s. á.



Ferhyrndur einkennismiði með gulum grunnlit. Á honum miðjum er aflangur reitur, og sjást þar þrjár rauðar stjörnur, hver með sex geislum, en fyrir neðan þær standa orðin: MADE IN SWEDEN. Fyrir ofan og neðan miðreitinn er á rauðum grunni brugðin hönd. Á efra bandinu standa með gulum bókstöfum á svörtum grunni orðin: THREE STARS, en á neðra bandinu: SAFETY MATCHES.

Samkvæmt tilkynningu 9. apríl 1898, er merkið skrásett í Stokkhólmi 18. apríl s. á. fyrir eldspítur, og er sú skrásetning síðast endurnýjuð 3. apríl 1918. Orðin Three Stars ber að skoða sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreinda vörutegund.

*Skrás. 1922, nr. 39.*

146

Tilkynt 28. nóvember 1922, kl. 2 síðd., af The Goodyear Tire & Rubber Company, verksmiðjurekstur, Akron í Ohio, Bandaríkjum, N.-Ameríku, og skrásett 5. desember s. á.

## ALL-WEATHER

Orðin: ALL-WEATHER, aðgreind með samtengingarkerki, í bogadreginni línu.

Samkvæmt tilkynningu 25. júní 1919, er merkið skrásett í Washington 28. september 1920, fyrir togleður og hjólhringa úr togleðri og ofnu efni, ásamt tilheyrandi slithringa, og ber að skoða orðin All-Weather sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörtegundir.

*Skrás. 1922, nr. 40.*

Tilkynt 28. nóvember 1922, kl. 2 síðd., af A/s Sætre Kjeksfabrik, verksmiðjurekstur og verslun, Kristjania, Noregi, og skrásett 5. desember s. á.



## FRIDTJOF NANSEN

Brjóstmynd af FRIDTJOF NANSEN og nafn hans skráð fyrir neðan myndina.

Samkvæmt tilkynningu 21. janúar 1922, er merkið skrásett í Kristjaniu 20. maí s. á. fyrir keks,

**146** Samkvæmt 10. gr. laga 13. nóvember 1903, um vörumerki, hafa eftir-  
greind merki verið endurnýjuð á árinu:

*Skrás. 1912, nr. 1.*

Lever Brothers, Ltd., Port Sunlight, frá 4. janúar.

*Skrás. 1912, nr. 2.*

Sami, frá sama tíma.

*Skrás. 1912, nr. 3.*

• Sami, frá sama tíma.

*Skrás. 1912, nr. 4.*

Vinolia Company, Ltd., London, frá sama tíma.

*Skrás. 1912, nr. 5.*

Sami, frá sama tíma.

*Skrás. 1912, nr. 6.*

Hodgson & Simpson Ltd., Bebington, frá sama tíma.

*Skrás. 1912, nr. 7.*

O. Mustad & Sön, Kristiania, frá 12. mars.

*Skrás. 1912, nr. 8.*

British-American Tobacco Company, Ltd., London, frá 30. mars.

*Skrás. 1912, nr. 9.*

Sami, frá sama tíma.

*Skrás. 1912, nr. 10.*

Sami, frá sama tíma.

*Skrás. 1912, nr. 11.*

H/f Kymeia, Kaupmannahöfn, frá 18. maí

*Skrás. 1912, nr. 12.*

Sláturfjelag Suðurlands, Reykjavík, frá 12. júní.

*Skrás. 1912, nr. 13.*

Sami, frá sama tíma.

*Skrás. 1912, nr. 14.*

Westminster Tobacco Co., Ltd., London, frá 18. október.

Skrifstofu vörumerkjaskráritarans í Reykjavík, 30. desember 1922.